

varnarlaun til skipaðs talsmanns sins, Sigurðar Ólasonar hdm., kr. 120.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 6. febrúar 1942.

Nr. 31/1941. **Snæbjörn Jónsson**

(cand. jur. Magnús Thorlacius)

gegn

Kristjáni Guðlaugssyni (Sjálfur).

Krafa um, að ritstjóri dagblaðs birti í blaði sínu auglýsingu um lyktir meiðyrðamáls á hendur honum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. apríl f. á., hefur krafizt þess *aðallega*, að stefnda verði að viðlögðum hæfilegum dagsektum dæmt skylt að birta í dagblaðinu „Visi“ forsendur og niðurlag dóms í bæjarþingsmáli Reykjavíkur nr. 455/1940 eða *til vara* það úr forsendum téðs dóms, er dómurinn ákveði. Til vara krefst áfrýjandi, að stefnda verði dæmt að greiða honum hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu nefnds dóms samkvæmt ákvörðun hæstaréttar. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti, en til vara, að málskostnaður fyrir hæstarétti verði látinn falla niður.

Áfrýjandi fékk með áðurnefndum bæjarþingsdómi nokkur ummæli, sem í dómi þeim eru talin og birtust í blaðinu „Visi“, dæmd dauð og ómerk. Stefnda, sem í bæjarþingsdóminum er talinn bera ábyrgð á ummælum þessum, er samkvæmt 11. gr. tilsk. 9. maí 1855 skylt að birta í blaðinu „Visi“, sem hann er ritstjóri að, auglýsingu um málalok. En til er skilið, að efni þeirrar auglýsingar sé þannig, að sjá

megi glögggt, hver ummæli séu dæmd ómerk og hvernig farið hafi um greiðslu málskostnaðar samkvæmt áðurnefndum bæjarþingsdómi. Ber stefnda að viðlögðum 10 króna dagsektum að birta auglýsingu slíks efnis frá áfrýjanda í 1. eða 2. tölubl. dagblaðsins „Vísir“, er út kemur eftir að téð auglýsing og krafa um birtingu hennar eru fram komnar.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda 400 krónur upp í málskostnað fyrir báðum dómum.

Það athugast, að héraðsdómari hefur, andstætt 108. gr. laga nr. 85/1936, úrskurðað frávisunarkröfu stefnda um leið og dómur var kveðinn upp í málinu að efni til. En með því að frávisunarkröfu var hrundið og flutningur máls að efni til, áður en hún var úrskurðuð, kom því að fullu gagni, þykir nægilegt að finna að þessu.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Kristjáni Guðlaugssyni, ber að viðlögðum 10 króna dagsektum, að birta auglýsingu samkvæmt framanskráðu í 1. eða 2. tölublaði dagblaðsins „Vísir“, er út kemur eftir að slík auglýsing og krafa um birtingu eru fram komnar frá áfrýjanda, Snæbirni Jónssyni.

Stefndi greiði áfrýjanda 400 krónur upp í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. febrúar 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 21. f. m. af Snæbirni Jónssyni, bóksala hér í bæ, gegn hrm. Kristjáni Guðlaugssyni, ritstjóra, Hringbraut 114, hér í bænum. Gerir stefnandi þær réttarkröfur, aðallega, að stefndur verði að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda skyldaður til að birta í dagblaðinu Vísir forsendur og niðurstöður dóms í bæjar-

þingsmálinu nr. 455/1940: Snæbjörn Jónsson gegn Kristjáni Guðlaugssyni, en *til vara*, að stefndur verði dæmdur til að greiða hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu forsendna og niðurstöðu dómsins. Ennfremur krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst *aðallega* frávisunar á málinu, *til vara* sýknu af öllum kröfum stefnanda og til *þrautavara*, að hann verði aðeins skyldaður til að láta birta niðurstöðu umrædds dóms. Málskostnaðar krefst hann, hvernig sem málið fer.

Málsatvik eru þau, að með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 20. des. f. á., voru ómerkt ýmis ummæli um stefnanda, er birt höfðu í Visi þann 17., 23. og 27. okt. s. l., og einnig var stefndum, er talinn var bera ábyrgð á ummælum þessum, gert að greiða stefnanda málskostnað. Með bréfi dags. 8. f. m. fór stefnandi þess á leit við stefndan, að hann léti birta nefndan dóm í heild í Visi, í fyrsta eða öðru tölublaði eftir dagsetningu bréfsins. Stefndur hefur eigi orðið við þessari kröfu stefnanda, og er því mál þetta höfðað og í því gerðar framangreindar réttarkröfur.

Frávisunarkröfu sína byggir stefndur á því, að stefnandi hefði átt að setja fram nefndar kröfur í hinu fyrra máli gegn honum. Það verður að visu að telja, að slíkt hefði verið heimilt, en hins vegar þykir ekki unnt að líta svo á, að stefnanda hafi borið skylda til að setja fram þessar kröfur þá þegar, er engin endanleg neitun lá fyrir af hendi stefnds að þessu leyti. Frávisunarkrafa stefnds þykir því ekki hafa við rök að styðjast.

Aðalkröfu sína kveðst stefnandi byggja á 11. gr. ts. frá 9. maí 1855, en þar segir, að „sérhver, sem þykist vera áreittur í einhverju timariti eða sem æskir að leiðrétta það, sem um hana er sagt í ritinu, getur krafist að veitt sé viðtaka borgunarlaust í ritið auglýsing um, að mál sé höfðað út af áreitninni, sem og um málalok, eða leiðréttingu ...“ Telur stefnandi, að hér sé einmitt um slíka leiðréttingu að ræða, hina fyllstu og hlutlausustu, sem unnt sé að fá, þar sem sé hinn umræddi dómur.

Að áliti réttarins er þó ekki um „leiðréttingu“ í skilningi laganna að ræða, né heldur verður áðurnefndur dómur í heild talinn „auglýsing um málalok“. Þegar af þeirri ástæðu verður aðalkrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Varakrafa stefnanda, sem byggist á 2. málsg. 241. gr. hegningarlaganna nr. 19. 1940, þykir hins vegar hafa við rök að styðjast, þó þannig, að ekki þykir þörf á að láta birta önnur ummæli dómsins en eftirtalin:

„Ár 1940, föstudaginn 20. desember, var í bæjarþingi Reykjavíkur ... í málinu Snæbjörn Jónsson gegn Kristjáni Guðlaugssyni kveðinn upp svohljóðandi dómur: Mál þetta

... er höfðað ... út af ummælum, er birtust í 240., 245, og 246. tbl. XXX. árgangs dagblaðsins Visir ... Hin átöldu ummæli eru: I. ... „þá tekur sig til islenzkur maður, skrifar í brezkt blað og fræðir Breta á því, að gáfaðri hluti þjóðarinnar vilji endilega vera á valdi þeirra sem allra lengst.“ II. ... „Föðurlandssvikarinn mun deyja ... Niðingsverk hans mun lifa til varnar (sic) bornum og óbornum Íslendingum.“ III. ... „Hér er um saknæmt athæfi að ræða“ ... „hinum ábyrgðarlausa greinarhöfund“ ... „hins vegar undirlægjuhátturinn“ ... „Það verður að hafa upp á rúðubrjótunum og láta þá sæta ábyrgð, en það verður ekki síður að hafa hendur í hári höfundar „Spectatorgreinarinnar“ ... „hann hefur gerzt sekur um alvarlegt brot.“ ...

„Um I. Stefnur heldur því fram, að ummæli þessi réttlætist af ... skrifum stefnanda í „Spectator“. Verður að fallast á, að ummælin: „þá tekur sig til islenzkur maður, skrifar í brezkt blað“, séu með tilliti til þessa ósaknæm, en hinn hluti ummælanna verður hins vegar að teljast vera meiðandi andi fyrir stefnanda og ekki nægjanlega réttlættur með nefndum skrifum“ ...

Um II. ... Af greininni verður ekki séð, að hér sé um skýrslu frá lögreglunni að ræða, heldur verða ummælin, eins og þau eru sett fram, ekki skilin öðruvísi en komin frá blaðinu sjálfu. Hin átöldu ummæli í sambandi við það, sem á eftir fer í greininni, verða að teljast ... meiðandi fyrir stefnanda ... enda eru þau ekki réttlætt.

Um III. Ummæli þessi telur stefnur og réttlætt vegna skrifa stefnanda í „Spectator“. Ekki verður þó fallizt á, að þau séu af þeim sökum nægjanlega réttlætt, og verður því að ómerkja ummæli þau, sem eru meiðandi fyrir stefnanda, en það eru öll ummælin að undanteknum orðunum: „Það verður að hafa upp á rúðubrjótunum og láta þá sæta ábyrgð“ ... Því dæmist rétt vera: Framangreind ummæli skulu vera ómerk. Stefnur, Kristján Guðlaugsson, greiði stefnandanum, Snæbirni Jónssyni, kr. 100.00 í málskostnað“ ...

Verður stefndum gert að greiða stefnanda kostnað við birtingu þessa hluta dómsins, og þykir fjárhæð í því skyni hæfilega ákveðin kr. 65.00. Eftir atvikum þykir hæfilegt, að stefnur greiði stefnandanum kr. 50.00 upp í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefnur, Kristján Guðlaugsson, greiði stefnandanum, Snæbirni Jónssyni, kr. 65.00 til að standast kostnað af birtingu þess hluta áður nefnds dóms, sem að framan er lýst.

Stefndur greiði og stefnandanum kr. 50.00 upp í málskostnað, hvorttveggja innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. febrúar 1942.

Nr. 99/1941. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)
gegn

Gísla Guðmundssyni (Einar B. Guðmundsson)

Manni dæmd refsing fyrir brot á reglum um talstöðvar í skipum.

Dómur hæstaréttar.

Brot kærða varðar við 4. tölul. reglna nr. 199 28. des. 1940, en refsingu ber að ákveða samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 200/1940, hvorttveggja sbr. við 10. gr. og 8. tölul. 27. gr. laga nr. 30/1941, um fjarskipti. Brot þau, sem kærði er sakaður um í þessu máli eru framin áður en hann undirgekkst 300 króna sekt þá, er í héraðsdómi greinir, og ber því samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma kærða hegningarauka, er þykir hæfilega ákveðinn 500 króna sekt í rikissjóð, er afplánist með 15 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar eru staðfest. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Gísli Guðmundsson, greiði 500 króna sekt í rikissjóð, og afplánist sektin með 15 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.